


Birna Hjaltalín Pálsdóttir
bt. Hrólfur Vagnsson
Móholt 4
415 Bolungarvík
vagnsson@aol.is



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 19. júní 2017
UST201705-168/J.S.J.
09.04.04

Læknishúsið á Hesteyri - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Hrólfs Vagnssonar fyrir hönd Læknishúsins á Hesteyri, dags. 19. maí 2017, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli innan friðlandsins á Hornströndum er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 1. og 4. gr. ofangreindrar auglýsingar.

Verklýsing:

Fyrirhugað er að endurbyggja og jafnframt stækka gamla viðbyggingu á suð-vestur gaffli Læknishússins á Hesteyri við Hesteyrarfjörð í Jökulfjörðum. Um er að ræða einslyfta viðbyggingu og er heildar stækkunin frá núverandi stærð 13,7 fermetrar. Núverandi stærð viðbyggingarinnar er 6,8 fermetrar og verður því heildin eftir stækkun 20,5 fermetrar. Aðkoma að viðbyggingunni er óbreytt og útlit nánast það sama. Viðbyggingin er hluti af Læknishúsinu sjálfu og hefur tvennskonar hlutverki að gegna, annarsvegar að stækka rými fyrir búr og til að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk sem bíður eftir bátsferðum frá Hesteyri.

Húsið er almennt timburhús með hallandi þaki frá Læknishúsinu eins og fyrirkomulagið er í dag. Gluggar verða eins og núverandi gluggar eru á byggingunni og inngangshurð utan frá á sama stað og núverandi hurð. Innagengt er á milli rýma í húsinu og er því engin breyting á því fyrirkomulagi eins og það er í dag.

Útveggir eru hefðbundnir útveggir timburhúsa. Grindin er gerð úr burðarviði T1 45x96 mm og CC=600 mm. Utan á það er skrufaður í lím 9 mm krossviður. Þá kemur tjörupappi og á hann 20 mm loftnagrind sem síðan klædd er með standandi listasúð ein og er á núverandi viðbyggingu og hún viðarvarinn með þekjandi viðarvörn. Að innverðu er komið fyrir 75 mm þéttull, þá kemur 25 mm loftnargrind og síða lakkaður innipanill.

Þak hússins er bájárnsklætt þar sem hallar 5° frá gaffli Læknishússins. Sperrur þaksins eru T1 45x120mm, CC600. Ofan á þær kemur þéttklæðning úr 1x6" mótaviði, þá tjörupappa og síðan aluzink bárujárn. að innanverðu er fyrirkomið í lofti 100 mm þéttull. þá afréttunar og loftnargrind og á hana lakkaður innipanill.

Undirstöður fyrir húsið eru hefðbundnar súlur þar sem notast verður við vel varinn rekavið. Gólfgrind hússins er byggð úr burðarviði T1 2x45X195 mm og gólfbitar úr T1 45X150 með CC=600 mm. Á milli burðabita er fyrirkomið búrústáli/áil sem músavörn og burður fyrir 100 mm einangrun. Þá er settur tjörupappi undir einangrunina og síða annað lag tjörupappa ofan á einangruni en um leið tryggð góð loftun í hvívetna. Þá er gólfíð klætt með 22mm töppuðum og lökkðuðum gólfborðum.

Samkvæmt umsókn munu vélknúinn tæki ekki vera notuð innan svæðisins við framkvæmdina.

Áhrifamat:

Hesteyrarþorpið er einn helsti vitnisburður þorpsmyndunar innan friðlandsins á Hornströndum. Hesteyri fékk löggildingu sem verslunarstaður árið 1881 og þjónaði íbúum fram til ársins 1952 og er Læknishúsið hluti af Hesteyrarþorpinu. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir lítillsháttar stækkun hússins og tímabundið rask á gróðri, sé það ekki talið breyta ásjúnd Hesteyrarjarðarinnar eða rýra verndargildi náttúruafars í friðlandinu, að því gefnu að tilhögun verði í samræmi við skilyrði Umhverfisstofnunar. Er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin komi ekki til með að rýra verndargildi Hornstrandafriðlandsins.

Umsögn Hornstrandanefnadar:

Hornstrandanefnadur telur að fyrirhuguð stækkun á Læknishúsinu á Hesteyri sé óveruleg eins og henni er lýst í umsókn og telur nefndin að framkvæmdin komi ekki til með að rýra ásjúnd þeirra húsa sem standa á Hesteyri við Hesteyrarfjörð. Nefndin leggur til að allur frágangur taki mið af skilyrðum Minjastofnunar varðandi frágang við útliti hússins.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umræddrar framkvæmdar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Sérfræðingur friðlandsins verði látinn vita af stöðu framkvæmdar, hvernær hún hefst og verkáætlun þegar hún liggur fyrir.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lágmarki.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik skilyrða leyfisveitingar.


Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd án tafar, s.kv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Óheimilt yrði að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.


Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Gjald fyrir leyfi vegna starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er kr. 39.400, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015

Efirlit

Umhverfisstofnun mun hafa efirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Efirlitið verður framkvæmt af efirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimtar verða 2. klst fyrir efirlitið samkvæmt gjaldskrá nr. 535/2015 stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt


Jon Smári Jónsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri